



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

8. árgangur 11. tbl.

Desember 2011





Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í Þjórsárskóla miðvikudaginn 16. nóvember. Dagurinn er helgaður minningu Jónasar Hallgrímssonar listaskálds. Foreldrum var boðið í heimsókn til okkar þennan dag á dagskrá sem allir nemendur skólans tóku þátt í. Dagskráin einkenndist af söng, leikritum og ljóðalestri.



Aðventukvöld

Fyrsti sunnudagur í aðventu var haldinn hátíðlegur sunnudaginn 27. nóvember. Að því tilefni lásu, sungu og léku nemendur skólans fyrir gesti í Brautarholti. Þetta kvöld var snjór og frost, sannkallað jólaveður. Það ásamt fallegum flutningi barnanna var góð byrjun á jólaföstunni og undirbúningi fyrir jólin.





Dagur íslenskrar tónlistar – Þjóðin syngur saman

Þann 1. desember var dagur íslenskrar tónlistar. Að því tilefni voru þrjú lög leikin samtímis á öllum útvarpsstöðvum klukkan 11:15. Löginn sem um ræðir eru *Kvæðið um fuglana*, *Manstu ekki eftir mér*, og *Stingum af*. Nemendur og starfsfólk komu saman í sal skólans og tóku undir með þjóðinni.



Frétt frá 3. og 4. bekk

Fyrstu vikur skólaársins gerðum við margt í sambandi við haustið í náttúrufræði. Rétt eftir að skólinn byrjaði fórum við út og söfnuðum jurtum til að pressa. Við settum þær í dagblöð og síðan þungar bækur yfir. Við bjuggum til bók og límdum plönturnar okkar í hana og merktum þær. Sumar þekktum við en við þurftum líka að leita í plöntubókum til að finna rétta nafnið.



Núna erum við að læra um hvernig var á Íslandi löngu áður en við fæddumst. Við notum bók sem heitir *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*. Við fræðumst um gömlu mánaðaheitin, störf fólks og ýmsa siði sem hafa breyst. Við ætlum að taka viðtal við fólk sem er eldra en 50 ára og biðja það að segja okkur frá bernskujólunum.

Kirkjuheimsóknir

Þann 6. desember fórum við í hinar árlegu kirkjuheimsóknir.

Yngri nemendur fóru fyrst að Blesastöðum þar sem þeir fluttu helgileik og sungu jólalög fyrir íbúa dvalarheimilisins. Síðan var haldið að Ólafsvöllum. Eldri nemendur fóru að Stóra-Núpskirkju sama dag og tók sr. Eiríkur á móti báðum hópunum í kirkjunum.



Jólaferð í Þjórsárdal 7. des

Mikil gleði og gaman er hjá okkur í skólanum. Í síðustu viku fórum í árlegu jólaferðina okkar inn í Þjórsárdal. Ferðin gekk ljómandi vel þrátt fyrir brunagadd og nokkrar kaldar tásur. Við unnum í hópum: þjuggum til myndverk í náttúrunni, fórum í jólasveinaleik og gengur kringum jólatréð með Askasleikir sem rakst á okkur í skóginum.



Allir fengu síðan kakó og lummur og eftir að hafa fengið okkur að borða þá fóru sumir að finna jólatré og aðrir að safna föndurefni til þess að taka með okkur upp í skóla.

Eftir hádegi kom Erla frá Grænna landi á Flúðum til okkar og kenndi okkur að nýta efnivið úr náttúrunni í jólaskreytingar.

Mjög skemmtilegur og vel heppnaður dagur.



Nemendur og starfsfólk Þjórsárskóla óska öllum gleðilegra jóla og farsældar og friðar á komandi ári.

Helgihald í desember.

Aðfangadagur: Ólafsvallakirkja kl.23:30

Jóladagur: Hrepphólakirkja kl. 11:00

Hrunakirkja kl. 14:00

Stóra- Núpskirkja kl.16:00

Gamlársdagur: Tungufell kl.15:00 (ath. breyttan tíma)

Prestur: Sr. Eiríkur Jóhannsson, Hruna.

Organistar: Stefán Þorleifsson í Hrepphólum, Hruna og Tungufelli.
Þorbjörg Jóhannsdóttir á Ólafsvöllum og Stóra-Núpi.



Húsaleigubætur 2012

Við viljum minna á að sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gilda umsóknir til áramóta (skv. 10. gr. laga um húsaleigubætur). Hægt er að lesa lögin í heild á www.felagsmalaraduneyti.is Við viljum því benda þeim einstaklingum á sem fá greiddar húsaleigubætur að þeir þurfa að endurnýja umsóknina sína fyrir 16. janúar 2010. Oddviti.



☎ 486-5616 & 895-0066

HESTAKRÁIN

HÚSATÓFTUM 2 – SKEIÐUM

GISTING

VITTINGAR

ÓVISSUFERDIR

HESTAFERDIR



Laugardaginn 7. janúar 2012 verður hið árlega hattaball haldið á Hestakránni.

Verðlaun fyrir flottasta hattinn hennar&hans...



Húsið opnar kl. 22 og verðlaunaafhending fer fram á miðnætti.

Hinn óviðjafnanlegi Jón Bjarnason skemmtir fram á rauða nótt!

Aðgangseyrir 2.000 kr.

Með ósk um gleðilegt ár og þökk fyrir það gamla!

Kveðja

Ástrún og Aðalsteinn

Húsatóftum.



Kertasmiðjan í Brautarholti

Nánari upplýsingar veita

Hermann og Ragnhildur í síma

663 4666 og 893 399

www.kertasmidjan.is mail: kertasmidjan@web.is



Óska öllum
viðskiptavinum og sveitungum
gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári með
þökk fyrir góð samskipti á árinu sem er að líða.



Hraunteigur ehf

Birgir Örn Birgisson

23. sveitarstjórnarfundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 15.11. 2011 í Árnesi kl. 13:00.

Mættir: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason, og Björgvin Skafti Bjarnason.

Kristjana H. Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar Örn setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Rán Jónsdóttir og Helgi Bjarnason frá Landsvirkjun komu á fundinn og kynntu hugmyndir um að reisa tilraunavindorkuver við Búrfell. Hugmyndir unnar áfram af LV og kynntar sveitarstjórn þegar þar þær liggja betur fyrir.
2. Tillaga að útsvarsprósentu og álagningu fasteignagjalda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2012 tekin fyrir og samþykkt að lækka fasteignaskattshlutfall í A flokki úr 0,60% af heildar fasteignamati í 0,50 % af heildar fasteignamati.

a. Útsvar

Útsvar fyrir árið 2012 verður 14,48%

b. Fasteignagjöld

A- flokkur.

Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr.4/1995 verður 0,50% af heildar fasteignamati.

B- flokkur.

Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3. gr. í lögum nr.4/1995 verður 1,32% af heildar fasteignamati.

C- flokkur.

Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og öðrum eins og þær eru skilgreindar í 3. gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1,65% af heildar fasteignamati.

Afsláttur af fasteignaskatti fer eftir samþykktum sveitarstjórnar frá 7. febrúar 2006. Samkvæmt 3. gr. þeirrar samþykktar geta þeir sem eru eldri en 67 ára, og þeir sem eru 75% öryrkjar eða meira sótt um afslátt á fasteignagjöldum þeirrar íbúðar sem þeir búa í og ekki er nýtt af öðrum, tekjuviðmiðið er í lið 7.

Gjald dagar fasteignaskatts eru í lið 8.

Lagt er til að afsláttur á fasteignagjöldum taki breytingum frá árinu 2011 í samræmi við breytingu á vísutölu neysluverð á tímabilinu 1. des 2011 til 1. des. 2012.

Tillagan samþykkt.

3. Samstarfssamningur Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Hestamannafélagsins Smára. Samstarfssamningurinn samþykktur.
4. Kaup tilboð í jörðina Laugarás í Bláskógabyggð.
Ekki tekin afstaða til tilboðsins og óskað eftir ítarlegri upplýsingum um fasteignina.

5. Erindi frá Skipulagsstofnun. Landsskipulagsstefna 2012-2024.
Tilnefndur frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi á samráðsvettvangi er
Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi, Laugarvatni.
6. Erindi frá Sýslumanninum á Selfossi vegna umsóknar um leyfi til rekstur gististaðar í
flokki II í Fjalli, frá Valdimari Bjarnasyni.
Sveitarstjórn samþykkir leyfið fyrir sitt leyti.
7. Fundargerð NOS. Fundur haldinn 24.10.2011. Fundargerð lögð fram.
8. Bréf frá Landgræðslu ríkisins vegna girðingar á Hafinu. Lagt fram.
9. Fundargerð aðalfundar Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiða, fundur haldinn
27.4.2011. Fundargerð lögð fram.
10. Leigusamningur um sundlaug í Þjórsárdal. Samningur lagður fram.
11. Erindi frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, þar sem óskað er umsagnar um
tillögu til þingsályktunar um fornleifarannsóknir í Árnesi og við fossinn Búða,
norðan Þjórsár.
Sveitarstjórn hvetur eindregið til þess að tillagan verði samþykkt og telur það löngu
tímabært að þetta svæði sé rannsakað.

Mál til kynningar

- A. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands 136. fundur haldinn 27.10.2011.
- B. Fundargerð 790. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga, fundur haldinn
28.10.2011.
- C. Fundargerð samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga fundur haldinn 5.10.2011.
- D. Fundargerð samráðsfundar stjórnar sambandsins, formanna og framkvæmdastjóra
landshlutasamtaka sveitarfélaga.
- E. Fundargerð 6. aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Fundur
haldinn 28.10.2011.
- F. Fundargerð 448. fundar stjórnar SASS haldinn 27.10.2011.
- G. Umhverfissráðuneytið. Ný skipulagsreglugerð, ósk um umsögn.
- H. Velferðarráðuneyti. Öryggi barna hjá dagforeldrum.

Fleira ekki. Fundi slitið kl. 15:15



Sauðakofinn auglýsir!


Bráðum koma blessuð jólin, og þá er nú gott að geta fengið
sér væna flís af feittum sauð.

Höfum tvíreykt sauðahangikjöt til sölu.

Upplýsingar í síma:

Sigrún 486-6079 Diddi 894-1106

Netfang fossnes@uppsveitir.is





T.h eru Stórhólts-
krakkarnir í góðum
félagsskap og að neðan
eru þeir félagar Bergur
Tjörvi (t.v.) og Snorri.



Leikskólinn Leikholt óskar börnum,
foreldrum, starfsfólki, samstarfsfólki og sveit-
ungum gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs.
Þökkum liðnar samverustundir.

Langar einhvern setjast að í Skeiða- og Gnúpverjahreppi en vantar húsnæði!

Hef áhuga á að kanna hvort grundvöllur væri fyrir að byggja parhús
í Árneshverfinu (2 íbúðir og 3ja og/eða 4ra herb.) og bið þá sem
hefðu áhuga á að skoða þetta — þ.e. hefðu ef til vill áhuga á að leigja
eða kaupa viðkomandi íbúðir að hafa samband við Viðar Magnússon í
síma 893-0085 eða senda tölvupóst á netf. vidarm@simnet.is



LAGNA
POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss

Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

Félagsmiðstöðin Zero



óskar eftir að fá fyrir lítið eða gefins lampa,
plöntur, púða, playstation tölvu, flakkara, afgangslakk, afgangsmálingu,
jólaseríu og leðursófa 2 – 3 manna.

Hafið samband við Eygló í síma 894 0331

Frá Fjarræktarfélagi Gnúpverja!

Aðalfundur var haldinn 12. des. Tveir farandbikarar eru veittir ár hvert fyrir hæst dæmda lambhrútinn haustið 2011. Það var hrútur nr. 11-135 Páfi frá Fossnesi undan Þrjóni 07-812 og 06-607 frá Fossnesi með 88 stig. Hinn bikarinn af hæst dæmdu veturgömlu hrútunum fékk Hrannar 10-108 frá Fossnesi undan Hriflon 07-837 og 05-526 frá Fossnesi einnig með 88 stig.

Hrútasæðingar byrja um næstu helgi þann 17. des og eru í 4 daga. Bikki á Hæli ætlar að sæða hér í sveit og fólk setur sig í samband við hann í síma **897-4482**.

Hægt er að finna hrútaskrána á heimasíðu www.bssl.is

Bent er á að pöntun á sæði þarf að berast fyrir kl. 9 sama dag og sætt er.

Við minnum á ullargáminn sem er staðsettur á Flúðum, hringja verður á undan sér í Pálmar í síma 892-2370.

Í stjórn Fjarræktarfélags Gnúpverja eru:

Eiríkur Jónsson, Geldingarholti

Bjarni Másson, Háholti

Sigrún Bjarnadóttir, Fossnesi



Grænna land ehf.

Jólaskreytingar, greni,
silkifura, buxus.

Greinar í ýmsum litum, kransar, krossar, ábinding á
ljósakrossa.

Grenilengjur, skreyttar leiðisgreinar.

Hýasintur, hýasintuskreytingar,
furuvendir, dyrakransar, að-
ventukransar.

Kíkið við í skemmunni

Sneiðinni 5.



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

JÓLABALL KVENFÉLAGANNA!

Jólaball kvenfélaganna í Skeiða-og Gnúpverjahreppi verður haldið í Árnesi fimmtudaginn 29. desember kl. 14:00 -16:00.



Aðgangseyrir er kr. 500,- fyrir 13 ára og eldri, vinsamlega komið með bakkelsi á sameiginlegt kaffihlaðborð. Um fjörið sér ungur drengur Magnús Kjartan og að sjálfsögðu koma jólasveinar ;o)
Eiríkur sóknarprestur mætir einnig.
Fjölmönnum og skemmtum okkur vel!



Kvenfélögin.



Frekar lítið notaður
minkapels
til sölu!

M/L stræð og
rúmlega “jakka síður”
Verð ca 70.000 kr.
Upplýsingar í síma
895-1679 eða
841-7684.



Flúða Taxi



Sími 893 1462

Á rölti um sveitina mína

Inngangur

Mér hefur oft verið hugsað til þess á ferðum mínum um þessa fallegu sveit, hversu marga merkisstaði þar er að finna. Þessum stöðum er ótrúlega lítið hampað og margur fáfróður um þá. Gnúpverjinn gamli geymir margvíslegan fróðleik og ítarlegar frásagnir. Þá eru merkar upplýsingar og staðhátalýsingar í safnritinu Sunnlenskar byggðir, sem Búnaðarsamband Suðurlands gaf út fyrir tugum ára af miklum myndarskap. Þá er ástæða til að nefna bækur Jóns Gísla Högnasonar frá Laxárdal, Vinir í varpa, mannlýsingar og aldarfar. Sama má segja um bækur bræðranna frá Hæli, Einars og Steinþórs Gestssona, sem bæta mjög í þennan gagnagrunn. Gaman væri, ef einhverjir fyndu hjá sér hvöt að skránið sagðir úr sínu umhverfi í þessari rótgrónu sveit. Mig langar til í nokkrum póstum að greina frá fáeinum merkisstöðum í mjög stuttu máli og myndum.

Steinsholt, prestssetur og höfuðból

Steinsholt var prestssetur og kirkjustaður í Eystri – Hreppnum til ársins 1789, en til þess tíma var Stóri – Núpur útkirkja frá Steinsholti auk bænhúsa víðar í sveitinni, einkum á “fjallabæjunum”. Gömul altaristafla úr Steinsholtskirkju er varðveitt í Stóra – Núpskirkju, hangir vinstra megin við innganginn á vesturvegg forkirkju. Þetta er lítil aflöng olíumynd úr þremur láréttum fjöllum.

Altaristaflan sýnir Jesús ganga á vatninu til bjargar Péttri. Líklega er þekktasti prestur er Steinsholt sat séra Daði Halldórsson, árin 1671 – 1717. Daða er lýst sem ásjálegum manni, gáfuðum og skáldmæltum.

Daði hafði áður átt í nánú ástarsambandi við Ragnheiði dóttur Brynjólfs biskups Sveinssonar í Skálholti, sem var í senn stórmerkur biskup og ægivald.

Þessi harmsaga er skráð á bók, Skálholt eftir Torfhildi Hólm og fjögurra binda verk Guðmundar Kambans. Daði lenti í fleiri raunum í kvennamálum, en naut samúðar almúgans. Fleira minnir á Daða. Ógnvaldurinn Hekla gaus m. a. í janúar 1693. Þetta gos olli gífurlegum búsifjum í ofanverðri sveitinni. Þá sat Daði í Steinsholti og skráði Heklugosið af slíkri færni, að það eitt gæti hafa haldið nafni hans á lofti varanlega. (* Ny kgl. Saml. 1094, c, fol.).

Talið er, að þetta gos hafi valdið meira tjóni en nokkurt annað gos úr Heklu, að undanskildu gosinu 1104, er Þjórsárdalur fór í auðn. Daði er jarðsettur í Steinsholti og er gróf hans og legsteinn nú í miðjum heimilisgarði Sigurðar og fjölskyldu. Ánægjulegt er að sjá, hvað heimafélkið hefur alltaf sýnt leiðinu mikinn sóma.

Kristján Guðmundsson



Tímamótaverk Ásgríms Jónssonar málað 1909 frá Langhömrum í Hælslandi, séð yfir land Steinsholts og Bala og austur til Heklu. Vel má sjá reykinn leggja upp af bænum Bala.



Í garðinum í Steinsholti. Leiði Daða Halldórssonar, d. 1721.

Bak við eldavélina!

„**Ha ha mamma feis**“ sagði sonur minn þegar hann benti mér á áskorun frændans og nágranna okkar.

Jahá. Kjöt sagði Addi – þá þýðir nú lítið að nefna lífrænt súrdeigsbrauð og salat...



„**Pökakjöt**“ er hins vegar í miklum metum hjá fjöl-skyldunni. Í það eru notaðir heilir vöðvar af þægum fyrsta-kálfsvígum sem reyndust stritlur – en höfðu að sjálfsögðu notið útiveru á sumrin og innivistar á vetrum.

Á finu máli heitir pökakjöt „**Sous Vide**“, aðferðin er notuð á flestum betri veitingahúsum. Trixið er hins vegar einfalt, kjötið er látið liggja í lofttæmdum plastpoka (*Landsstólpi selur einmitt vakúmpökkunar-vélar en líka er hægt að nota steikarpoka og sjúga úr þeim loftið*) í vatnsbaði við 55-60°C í 3-10 tíma, allt eftir þykkt og stærð og seigleika og hentugleikum kokksins.

Síðan er kjötið tekið úr pokanum og brúnað á pönnu eða grilli – þá er úrvalssteikin tilbúin – ekta „**Roast Beef**“!

Með þessu borðum við „**Yorkshire Pudding**“ sem er í raun pönnukökudeig bakað í ofni.

125 gr. hveiti
1 egg
3 dl mjólk

Hrært saman. Ofninn hitaður í 210°C. Setjið 25 g smjör í lágt málmform, hitið í ofninum þar til smjórið kraumar og hellið svo soppunni í formið. Bakið í upb. 30-40 mínútur eða þar til að kakan er stökk og gullinbrún. Borðið strax!

Rauðvínssósan er ómissandi! Í hana nota ég væna klípu af smjóri og smátt saxaðan rauðlauk, sýð saman þar til laukurinn er orðinn glær. Þá er bætt við góðum slurk af rauðvíni – upplagt að nota fornbæra rauðvinsbelju, ekkert gerir til þótt komið sé smá ediksbragð. Sjóða niður um helming. Bragðbæta með grænmetiskrafti, smávegis af rífsberjasultu, blóðbergi (timian) og pipar.



Smávegis af rifsberjasultu, smakka til með hunangi og balsamediki. Sósujafnari eftir smekk. Ugglaut vilja einhverjir fullkomna máltíðina með kartöflum og sultu, gott rauðvín og salat er nauðsynlegt að mínu mati.



„**Ruslajakjöt**“ er uppáhald feðganna. Hér í Reykjahlið er framleitt dýrasta lambakjöt landsins, af lömbum sem aldre stíga fæti út fyrir landareignina. Ég nenni ekki að sjóða kjötsúpu, set súpukjötið frekar í ofnpott og brúna meðan brytjaðar eru kartöflur og annað rôtargrænmeti sem til er. Krydda svo kjötið með blóðbergi, set grænmetið ofaná og strái þar yfir jurtasalti (Herbamare), loka pottinum og læt malla þar til fólkið mætir í mat.

Að lokum ein smákökuuppskrift:

Pekanhnetukrókantkökur.

Hitið 200 g sykur og $\frac{3}{4}$ dl vatn á pönnu þar til blandan verður að karamellu. Bætið þá út í 175 g brytjuðum pekanhnetum, kælið á bökunarpappír og myljið síðan.

250 g smjör
125 g púðursykur
1 egg
$\frac{1}{2}$ tsk möndludropar
275 g hveiti
1 tsk natron

Hrært deig; blandið krókantinum úti, setjið með skeið á plötu og bakið í 10-12 mín. við 175°C.

Ef smákökur verða of stórar er gott að nota þær sem samlokur með ís á milli...

Sendi svo boltann áfram til Guðfinns og hans fólks í Skaftholti, veit að þar er ýmislegt gott á boðstólum!

Bestu jóla- og nýárskeðjur,
Katrín í Reykjahlið.



24. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, þriðjudaginn 06.12.2011 í Árnesi kl. 13:00.

Mættir: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason.

Kristjana H. Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar Örn setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2011. Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi sveitarfélagsins kom á fundinn og yfirför endurskoðaða fjárhagsáætlun 2011.

Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 samþykkt.

2. Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2012, fyrri umræða. Endurskoðandi fór yfir til löguna og sveitarstjórn samþykkir að vísa tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 til síðari umræðu.
3. Tillaga að þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2013-2015 fyrri umræða. Endurskoðandi fór einnig yfir tillöguna og sveitarstjórn samþykkir að vísa tillögu að þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2013-2015 til síðari umræðu.
4. Tillaga að gjaldskrá Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir árið 2012 samþykkt.

Vatnsgjald

Gjaldskrá vatnsveitu fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði, verður óbreytt frá þeirri gjaldskrá sem í gildi er fyrir árið 2011.

Seyrulosunargjald

Árlegt gjald fyrir losun á seyru samkvæmt samþykkt nr. 149/2004 um hreinsun frá-veituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru verður 6.400.- kr. á rotþró.

Sorpgjöld

Sorpgjöld er lögð á samkvæmt samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar 8. des 2005. Samþykktin var staðfest á 84 fundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þann 14. mars 2006, og staðfest af Umhverfissráðuneyti þann 5. janúar 2007.

Sorpgjöld árið 2012 verða eftirfarandi:

Sorphirðugjald 240 L 11.550.- kr.

Sorphirðugjald 660 L 34.000.- kr.

Sorphirðugjald 1.100 L 56.250.- kr.

Sorpeyðingargjald íbúðarhús 11.700.- kr.

Sorpeyðingargjald sumarhús 8.750.- kr.

Sorpeyðingargjald atvinnu 32.000.- kr.



Holræsagjald

Holræsagjald á þeim stöðum þar sem sveitarfélagið er með holræsakerfi, gjaldið nemur 0.15% af fasteignamati.

Lóðaleigugjöld

Lóðaleigugjöld innheimtast eftir lóðaleigusamningum.

Gjaldskrá grunnskóla frá 1. janúar 2012

Skólamötuneytisgjöld

Morgunhressing kr. 69,-

Hádegisverður kr. 255,-

Skólavistun

Skólavistun klst. kr. 210,-

Aukavistun klst. kr. 210,-

Náðarkorter 15 mín. Kr. 500,-

Gjaldskrá leikskóla frá 1. janúar 2012

Ein stök morgunhressing kr. 64,-

Einn stakur hádegisverður kr. 184,-

Ein stök síðdegishressing kr. 77,-

Klukkustundargjald kr. 123,-

klst.gjald 75% kr. 92,-

klst. gjald 50% kr. 61,-

Klukkustundargjald á öðrum tímum en frá kl.08 til kl.16:00 kr. 250,-

Gjald fyrir aukatíma, hverjar byrjaðar 15.mínútur kr. 500,-

Tillaga að upphæð tómstundastyrks fyrir árið 2012.

Sveitarstjórn Skeiða – og Gnúpverjahrepps samþykkir að allir grunnskólanemendur og framhaldsskólanemendur frá 6 ára til og með 18 ára geti sótt um styrk sem nemur allt að 50.000.- kr. á árinu 2012 til að stunda íþrótt, æskulýðs eða menningarstarf. Með umsókn þarf að fylgja frumrit kvittunar um greiðslu frá aðila sem uppfyllir skilyrði að um viðurkennda starfsemi sé að ræða og fagaðilar sjái um þjálfun og /eða menntun

5. Fundargerð skólanefndar, grunnskólamál 13. fundur haldinn 11.11.2011.
Fundargerð samþykkt.
6. Fundargerð skólanefndar, leikskólamál 14. fundur haldinn 23.11.2011.
Fundargerð samþykkt.
7. Erindi til sveitarstjórnar frá Afréttanefnd Gnúpverja. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með störf þess fólks sem unnið hefur að lagfæringu fjallaskálanna og þakkar greinargóða skýrslu. Tekið verður tillit til erindisins við gerð fjárhagsáætlunar.
8. Fundargerð 41. fundar skipulags-og byggingarnefndar frá 17.11.2011, jafnframt lagðar fram til kynningar fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa, fundir nr.



- 72 og 73. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar staðfest og afgreiðslufundar gerðir byggingarfulltrúa nr. 72. og 73 lagðar fram.
9. Fundargerð velferðarnefndar Árnesþings 4. fundur haldinn 16.11.2011. Fundargerð lögð fram.
10. Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla 13. fundur haldin 22.11.2011. Fundargerð samþykkt.
11. Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla v/æskulýðsmála 5. fundur haldinn 25. maí 2011. Fundargerð samþykkt.
12. Fundargerð Oddvitafundar haldinn 14.11.2011. Fundargerð lögð fram.
13. Ósk um endurnýjun á leigusamningi undir smábýlið Leiti.
Sveitarstjórn samþykkir endurnýjun samnings á grundvelli annarra sambærilegra samninga og felur oddvita að ganga frá undirskrift.
14. Ósk frá Stígamótum um fjárstuðning.
Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Stígamót um kr. 50.000.-
15. Orkusveitarfélög og aðild Skeiða-og Gnúpverjahrepps að þeim.
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að sveitarfélagið gerist aðili að OS - Sambandi orkusveitarfélaga.
16. Leigumál í Hólaskógi. Núverandi leiguaðilar í Hólaskógi hafa ekki áhuga á gera langtímaleigusamning og oddvita er falið að gera skammtímaleigusamning við þau til vors og ákveðið að auglýsa eftir rekstraraðilum.
17. Trúnaðarmál.

Mál til kynningar

- A. Fundargerð 42. aðalfundar SASS.
B. Fundargerð 449. fundar stjórnar SASS.
C. Fundargerð 304. fundar stjórnar APS.
D. Fundargerð 135. fundar stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands.
E. Fundargerð 209. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
F. Svar frá Sorpu v/fyrirspurnar frá Íslenska gámafélaginu.



Fleira ekki. - Fundi slitið kl. 17:06.



Opnunartími hreppsskrifstofu um jól og áramót.

27. desember lokað.

Aðra daga opið eins og venjulega
9-12 og 13-15 og frá 3. janúar.

Óskum samstarfsfólki, gestum og
heimamönnum gleðiríkrar jólahátíðar
og farsældar á nýju ári með þökk
fyrir samskiptin á árinu sem er líða.

Starfsfólk skrifstofunnar.

**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**

Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00 -22:00

Nýju bækurnar komnar!

Hægt að skila allan sólarhringinn.

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-5500

www.gegnir.is

Nefndin.



**Hundafangari sveitarfélagsins
Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.**





**Næsta fréttabréf kemur út 16. jan. 2012.
Skilafrestur efnis til 11. jan. 2012.**

Umsjón: Kristjana H. Gestsdóttir

frettabref@skeidgnup.is


Ábyrgðarmaður: Gunnar Örn Marteinsson, oddviti
Opnunartími skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps
er mánudaga-fimmtudaga kl. 9–12 og 13–15.

**Sími 486-6014 Fax 486-6091 Sími í Áhaldahúsi
486 6118 og 893-4426 Ari Einarsson**

Fótbolti! Fótbolti! Fótbolti! Fótbolti!

Fótboltaæfingar á mánudögum
kl 20:30 á sparkvellingum í Árnesi.

Nánari upplýsingar hjá fótboltakappanum
Hjörvari, Hlemmiskeiði, s. 856-1156



EIMSKIP

Flúðaleið ehf

**Landflutningar
SAMSKIP**

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju. Starfsfólk Flúðaleiðar

HÆ OG HÓ !

Ungmennafélagið hefur náð að fá jólasveinana til að heimsækja bæi enn og aftur um þessi jól.

“Sveinkarnir” verða á ferðinni um alla sveitina 22. - 23. desember. Ungmennafélagið tekur við pöntunum og heimsóknin er 1.500 kr.

Hægt er að panta á netfangið:

jolasveinumfg@gmail.com eða í síma 663-8577.



Kveðja. “Sveinkar” og Ungmennafélagið.



Kaffisamsæti á nýju ári!

Búnaðarfélagin í Uppsveitum Árnessýslu, ásamt hópi velunnara hafa ákveðið að halda Gunnlaugi Skúlasyni dýralækni heiðurssamsæti í tilefni starfsloka

hans, föstudaginn 13. janúar 2012 á Hótel Geysi kl. 20:00.

Allir velkomnir. - Nánar auglýst síðar.



VÖNDULL ehf FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3
sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR
GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR
OG ALLT ÞAR Á MILLI.

ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR
SJÓN ER SÖGU RÍKARI.

OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA
11-14 LAUGARDAGA.

VERIÐ **VELKOMIN** – VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM Sími: 486-1866



Sauðfjárþændur!

Ullargámur verður við skemmuna hjá okkur að
Smiðjustíg 10 á Flúðum. Gott er að hringja á
undan sér því gámurinn fer í tæmingu og þá er enginn
gámur á meðan. **Flúðaleið-flutningar ehf 486-1070**



Flúðaleið

Sendum viðskiptavinum og Sunnlendingum
öllum óskir um gleðileg jól og farsæld
á komandi ári.

Starfsfólk Flúðaleiðar

Hágæða hunda - og kattafóður

Þjóðum nú gæða fóður fyrir hunda og ketti frá þýska fyrirtækinu Josera sem hefur í yfir 65 ár framleitt dýrafóður.

Í gæludýrafóðrið eru einungis notaðar hágæða vörur sem þurfa að undirgangast strangar gæðakröfur.

Josera notar ekki hveiti, soja, mjólkurvörur eða sykur í gæludýrafóðrið.

Gæludýrafóðrið er framleitt án gervi- litar-, bragð- eða rotvarnarefna.

Hundamatur - Kids - Optiness - SensiPlus - Miniwell - High energy - Balance



Kids

er tilvalið fóður fyrir unga hunda, meðalstóra og stóra.



Optiness

er hið fullkomna fóður fyrir hunda með eðlilega virkni.



SensiPlus

er auðmeltanlegt fyrir viðkvæma hunda.



Miniwell

er fóður með alifuglakjöti fyrir minni hunda.



High Energy

fyrir fulloröna hunda, tíkur með hvolpa og hunda undir vigt.



Balance

er fóður fyrir eldri hunda og hunda sem hafa litla hreyfipörf.

Kattamatur - Minette - Culinesse - Catelux - SensiCat - Léger - Carismo



Minette

Tilvalið fóður fyrir ketti að eins árs aldri og fyrir læður á seinni hluta meðgöngu (síðustu 3 vikurnar).



Culinesse

er fóður fyrir ketti með mikla hreyfipörf hvort sem er inni eða úti.



Catelux

er tilvalið fóður fyrir vandfusa ketti sem hafa tilhneigingu til að mynda hárbolta.



SensiCat

fóður fyrir vandláta ketti og ketti sem eru viðkvæmir í maga.



Léger

er tilvalið fóður fyrir eldri ketti og ketti með litla hreyfipörf og eiga á hættu að þyngjast.



Carismo

er tilvalið gæða fóður fyrir eldri ketti og eins ketti með skerta nýrnastarfsemi.



10% kynningarafsláttur til jóla

Alltaf heitt á könnunni og konfekt með



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is

Vetraropnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2011 Skeiðalaug s: 486 5500



Skeiðalaug
**Opið verður á
aðfangadag frá
kl. 12:00 — 16:00**



Forðumst bað-biðraðir á heimilinu.

Mætum í jólaskapi,
sundgestum boðið upp á
kaffi, safa og piparkökur.

Svo koma jólin!

Annars opið



Neslaug lokuð frá 1. nóvember um óákveðinn tíma.

SKEIDALAUG

Opið í vetur

Priðjudaga 17 – 21

Fimmtudaga 17 - 21

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem
eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Frítt í sund fyrir 67 ára og eldri.

Vörur tengdar sundi til sölu.

umsjónarmaður sundlaugar er:

Eypór Brynjólfsson



Gleðilegt nýár!

